



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfsseignarstofnun

## Skólanámskrá SÍJ Íslenska – 1. bekkur

Íslenska er samofin öllum námsgreinum og skólastarfinu öllu. Í Ísaksskóla er sungið alla daga og áhersla lögð á að efla málskilning og orðaforða nemenda. Unnið er markvisst með bókstafi og lestur samkvæmt hljóðaaðferð Ísaks Jónssonar. Til að byrja með er stuðst við námsefnið Lestrarlandið þar sem fléttast saman hlustun, ritun, hljóðtenging og lestur. Nemendur vinna með einn til tvo bókstafi í hverri viku og lesa heima daglega. Afar mikilvægt er að heimalestri sé fylgt vel eftir við upphaf lestrarnáms.

### Matsviðmið

#### Talað mál, hlustun og áhorf

Tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum og sagt frá eigin reynslu.  
Farið eftir einföldum reglum í umræðum.  
Tekið þátt í hlutverkaleikjum og leikþáttum.  
Hlustað á fyrirmæli og farið eftir þeim.  
Hlustað á sögur, leikrit, ljóð, horft á leikþætti og rætt efnið.

#### Lestur og bókmenntir

Þekkt íslensku bókstafina og hljóð þeirra.  
Lesið samfelldan texta sem hæfir aldri og getu.  
Svarað spurningum úr einföldu lesefni eða hlustunarefni.  
Unnið fjölbreytt verkefni sem auka orðaforða og málskilning.  
Lesið einföld fyrirmæli og farið eftir þeim.  
Sungið lög af söngdagskrá skólans.

#### Ritun

Dregið rétt til stafs.  
Stafsett einföld orð.  
Búið til sögu og skráð hana.  
Lýst hlutum, athöfnum og atburðum úr eigin lífi og skráð.  
Vandað allan frágang.

#### Málfræði

Þekkt hugtökin bókstafur, orð og málsgrein.  
Unnið með samheiti og andheiti.  
Þekkt mun á sérhljóða og samhljóða.  
Leikið sér með rim og orðaleiki.  
Þekkt samsett orð og unnið með þau.

## **Virgni og samskipti**

Tekið virkan þátt í kennslustundum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi

## **Námsmat**

Kennarar meta hæfniviðmið jafnt og þétt yfir skólaárið og birta á Mentor. Námsmat skiptist á tvær annir, haustönn og vorönn. Kennarar meta þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun, kannanir og próf.

- Lesfimipróf frá Menntamálastofnun eru lögð fyrir í september, janúar og maí. [Hér](#) má nálgast lesfimiviðmið Menntamálastofnunar.
- Lesferill - lesskimun fyrir 1. bekk grunnskóla. Próf frá Menntamálastofnun sem lagt er fyrir í október.
- Stafakönnun er lögð fyrir í október og janúar.
- Stafsetningarkönnun er lögð fyrir í maí.

Yfirlit í september 2024